

14. fundur

20. nóvember 2015

0912048SA IRÓ

Málalykill: 524

Fundargerð samstarfsnefndar
KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu,
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu, þann 20. nóvember 2015 að Borgartúni 21, Reykjavík, og hófst hann kl. 18:00.

Mættar voru Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúi KJALAR og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og nám leikskólaliða

Starfsnám stuðningsfulltrúa í grunnskóla og starfsnám leikskólaliða er kennt á framhaldsskólastigi. Fyrir 2009 var nám stuðningsfulltrúa í grunnskóla metið til 71 eininga en síðan stýtt niður í 62 einingar. Með sama hætti var nám leikskólaliða fyrir 2009 metið til 71 eininga en síðan stýtt niður í 64 einingar.

Skilyrði fyrir mati á náminu til launa er að það nái 70 einingum. Frá árinu 2015 hafa báðar námsleiðirnar verið lengdar aftur í 79 og 76 einingar. Á því tímabili sem námið var stýtt luku nokkrir einstaklingar náminu án þess að tillit væri tekið til þess við launasetningu þeirra.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að þrátt fyrir styttingu starfsnámsins á tímabilinu 2009 til 2015 skuli þeir starfsmenn sem luku námi stuðningsfulltrúa grunnskóla og námi leikskólaliða fyrir árið 2015 og starfa sem stuðningsfulltrúar í grunnskóla og sem leikskólaliðar, fá launaröðun í samræmi við aðra sem lokið hafa ofangreinum námsleiðum. Frá 1. maí 2015 raðast viðkomandi starfsmenn sem „Stuðningsfulltrúi II“ með 414 stig og sem „Leikskólaliði“ með 365 stig.

Fleira ekki gert.